

Fundur 5. september 2022 kl. 13:15

Haldinn í Stangarhyl 4

Fundinn sátu: Finnur Birgisson formaður, Ingibjörg Sverrisdóttir formaður FEB, Þorbjörn Guðmundsson, Halldór Frimannsson, Sigurbjörg Gísladóttir og Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

Umræðuefni / Dagskrá:

1. Væntanleg framlög til almannatrygginga á fjárlögum

Alþingi kemur væntanlega saman um miðjan september og fyrr mun ekki verða opinbert hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir um fjárveitingar til almanna-trygginga.

Nefndin ræddi nauðsyn þess að skerpa á lagaákvæðum um hækkun upphæða almannatrygginga milli ára, og gera þau þannig úr garði að ekki sé hægt að túlka þau eftir geðþótta. Einnig var nefnt hvort ekki væri rétt að gera það að reglu að upphæðirnar verði endurskoðaðar á miðju ári með tilliti til þróunar verðlags og launa.

LEB hefur leitað eftir samstarfi við verkalýðshreyfinguna um kjaramál og húsnæðismál í tengslum við samningaviðræður á vinnumarkaði sem nú fara í hönd.

2. Lög nr. 55/2022, breytt meðhöndlun séreignar gagnvart TR

Með gildistöku laganna um nk. áramót verður sú breyting að úttekt séreignar, sem mynduð hefur verið af lágmarksiðgjaldi á undanförunum árum, mun valda skerðingu á lífeyri almannatrygginga sem hún gerir ekki skv. nógildandi lögum. Þetta gildir þó ekki gagnvart þeim sem hafa byrjað töku ellilífeyris fyrir gildistöku laganna. FB upplýsti að hann hefði spurst fyrir um það hjá þremur lífeyrissjóðum hvort þeir hygðust upplýsa sjóðfélaga sína um það hvernig hagstæðast væri fyrir þá að bregðast við þessu.

Skv. svörum lífeyrissjóðanna munu þeir halda fundi með sjóðfélögum um þetta mál á næstunni. Þá hefur Almenni lífeyrissjóðurinn sett upp sérstaka heimasíðu um lagabreytinguna og fjárhagslegar afleiðingar þess að taka umrædda séreign út áður en taka lífeyris hefst.

Sú spurning kom fram í nefndinni hvort Tryggingastofnum myndi með einhverjum hætti gera skjólstæðingum sínum viðvart um þessa breytingu.

3. Meðhöndlun fjármagnstekna hjá TR

Húsaleigutekjur teljast til fjármagnstekna sem valda 45-56,9% skerðingu á lífeyrisgreiðslum almannatrygginga frá fyrstu krónu. Hinsvegar er fjármagnstekjuskattur (22%) aðeins lagður á helming húsaleiguteknanna því skatturinn lítur svo á að hinn helmingurinn fari til að mæta rekstrar-kostnaði húsnæðisins.

Þetta þýðir að einstæður eldri borgari, sem leigir út íbúðarhúsnæði til að

drýgja litlar tekjur sínar, heldur aðeins eftir um helmingi húsaleigunnar eftir skerðingar og skatt, - þ.e. nákvæmlega því sem skattayfirvöld meta í öðrum tilvikum að sé eðlilegur rekstrarkostnaður húsnæðisins. Ávinningur eldri borgarans af útleigunni er því enginn.

Skv. svari Tryggingastofnunar við fyrirspurn um þetta er henni ekki heimilt að láta einungis helming húsaleigutekna skerða lífeyrisgreiðslur, þar sem tilsvarendi reglu tekjuskattslaganna (3. mgr. 66. gr.) er ekki að finna í upptalningu í 2. mgr. 16. gr. almannatryggingarlaga.

Í umræðum í nefndinni kom fram að rétt væri að leita eftir því að ráðin yrði bót á þessu.

4. Tekjutenging heimilisuppbótar, Ísland : Danmörk

Meðal þess sem veldur óhóflega miklum skerðingum lífeyrisgreiðslna almannatrygginga er sú staðreynd að heimilisuppbót til einstæðra er sérstakur greiðsluflokkur með sérstakt auka-skerðingarhlutfall upp á 11,9%. Sú skerðing bætist ofan á 45% „grunnskerðinguna,“ þannig að skerðingarhlutfall einbúa verður í raun 56,9%.

Í Danmörku er þessu þannig háttað, að einstæðir fá álag á sjálfan lífeyrinn (pensionstillæg), og það álag sætir sömu skerðingu og lífeyririnn þegar um slíkt er að ræða.

Þá veldur íslenska aðferðin einnig mismunun að því leyti, að þegar einstæðingur flytur úr landi er heimilisuppbótin tekin af honum, en hjón sem flytja úr landi halda sömu greiðslum og áður.

Nefndarmenn voru sammála um að danska aðferðin væri sanngjarnari og réttari.

5. Aukin skerðing þegar lífeyristöku er frestað

Formaður nefndarinnar (FB) gerði grein fyrir samskiptum sínum við Úrskurðarnefnd velferðarmála (UrVel) og Umboðsmann Alþingis, en FB hafði mótmælt niðurstöðu Tryggingarstofnunar í uppgjöri til hans vegna ársins 2018 á þeirri forsendu að þar væri reiknuð meiri skerðing vegna tekna en þau 56,9% sem kveðið væri á um í lögum um almannatryggingar. FB hafði á sínum tíma frestað lífeyristöku um 38 mánuði, sem átti í orði kveðnu að leiða til hækkunar lífeyris um 19%.

Í uppgjörinu kom í ljós að skerðingarprósentan í hans tilfalli var í raun 67,7% en ekki 56,9%, - hafði líka hækkað um einmitt 19%. Það sem olli þessu var sú reikningsaðferð TR að byrja á því að draga skerðingu vegna tekna frá óbreyttri grunnupphæð lífeyris, - án 19% hækkunarinnar, - og hækka síðan þá útkomu um 19 prósent. FB hélt því fram að rökréttara og sanngjarnara væri að byrja á því að hækka grunnupphæðir lífeyrisins um 19% vegna frestunarinnar, og draga síðan frá þeim grunni lögboðnu skerðingarprósentuna 56,9%.

Eftir að TR hafði hafnað mótmælum og UrVel staðfest þá niðurstöðu kvartaði FB til Umboðsmanns, sem ákvað 7. maí 2021 að taka kvörtunina ekki til frekari meðferðar. Hann varð síðan ekki við tilmælum um að endurskoða þá ákvörðun, en FB hélt því fram að hún væri byggð á rökleysu.

Í umræðum um þetta kom fram að skv. nógildandi almannatryggingarlögum væri heimilt að fresta lífeyristöku allt til 80 ára aldurs. Samkvæmt reglugerð nr. 1239/2019 á frestun til 75 ára aldurs að gefa hækkun upp á 75%, en með reikningsaðferð TR sem lýst er hér ofar myndi þá skerðingarprósentan hjá einbúa jafnframt hækka úr 56,9% í 100%!

Við seinkun lífeyristöku til 80 ára aldurs myndi skerðingarprósenta einbúans fara alla leið upp í 156%!

Þetta kerfi er augljóslega ekki í lagi og getur ekki gengið upp.

6. Málaferli Gráa hersins

Sem kunnugt er féllst Hæstiréttur á að taka kærumál þriggja einstaklinga gegn ríkinu fyrir án þess að þau hefðu viðkomu í Landsrétti, en málin eru rekin á vegum Gráa hersins og með fjárhagslegum stuðningi fjölmargra einstaklinga og félaga. Samkvæmt upplýsingum frá því í vor var þá áætlað að málin yrðu tekin fyrir í Hæstarétti nú í haust, en nánari dagsetning liggur enn ekki fyrir.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:45.

Finnur Birgisson ritaði fundargerð.